

Umsögn ráðgjafanefndar Gerðarsafns varðandi boð um gjöf á brjóstmynd af tónlistarmanninum Birni til að setja í bæjarland Kópavogs:

Boð um gjöf á útlitaverki felur í sér að taka þarf afstöðu til þeirra þátta sem koma að listrænu mati, uppsetningu og varðveislu á útlitaverki til frambúðar.

Uppsetning útlitaverks

Uppsetning útlitaverks krefst jarðvegsvinnu, frágangi á yfirborði svæðis, gerð stöps og uppsetningu verks. Ef litið er til uppsetningar eins útlitaverks sem unnið var 2024 var kostnaður við jarðvegsvinnu og frágang á yfirborði svæðis 500.000, gerð stöps og undirstöðu 300.000, uppsetning stöps 200.000 og uppsetning og festing verks 100.000. Áætlaður kostnaður við uppsetningu útlitaverks er því að minnsta kosti um 1.100.000,-

Varðveisla útlitaverks

Ef Kópavogsbær þiggur gjöf að útlitaverki þá fylgir sú skuldbinding að verkið verði varðveitt til framtíðar. Í erindi frá Bergþóri Mássyni, sem sendir erindið fyrir hönd Birnis, er óskað eftir að stytta fái “að lifa um ókomna tíð sem hluti af opinberu rými Íslands”. Það er því ótvírátt að verkið eigi að varðveita og lagfæra til frambúðar. Áætla má að verkið þurfi lagfæringa á ca 5 ára fresti auk eftirlits og ástandsskoðunar forvarðar. Slík lagfæring má áætla að kosti að minnsta kosti 500.000 hvert skiptið.

Listrænt mat á brjóstmynd á Birni

Brjóstmyndin af tónlistarmanninum Birni er unnin sem hluti af umgjörð fyrir útgáfu nýrrar plötu tónlistarmannsins og mun standa fyrir utan Laugardalshöllina á meðan á tónleikum hans standa. Brjóstmyndin er unnin af Ragnhildi Stefánsdóttur myndlistarmanni. Brjóstmyndin er þó ekki unnin sem listaverk í sjálfu sér heldur sem listræn umgjörð tónleika og minnismerki um tónlistarmann.

Niðurstaða

Ákvörðun um að þiggja útlitaverk fyrir bæjarland Kópavogsbæjar skal vera tekin á faglegum forsendum þar sem er litið til listræns inntaks, samhengis í bæjarlandslaginu og þeirrar skuldbindingar sem felst í að þiggja gjöfina. Ákvörðun um hvort þiggja eigi brjóstmynd, sem er ekki unnið sem listaverk heldur sem listræn umgjörð tónleika, er fordæmisgefandi.

Ályktun ráðgjafanefndar Gerðarsafns er að listrænt inntak og samhengi brjóstmyndarinnar sé ekki nægilegt til að Kópavogsbær taki hana inn sem útilistaverk bæjarins og þar með skuldbindi sig við að kosta og vinna að uppsetningu brjóstmyndarinnar og að annast og varðveita hana til framtíðar.